

Stjórnarfundur SKÍ

nr. 1671– 20. febrúar 2025, kl. 15:30 – fjarfundur

Efni fundarins:	15. stjórnarfundur SKÍ 2023 – 2025.
Fundarstjóri:	Bjarni Theódór Bjarnason formaður.
Fundarritari:	Jónas Egilsson.
Þátttakendur:	Bjarni Theódór Bjarnason formaður, Hugrún Elvarsdóttir ritari, Gísli Reynisson gjaldkeri, Sigurður Sveinn Nikulásson formaður alpagreinaneftndar, Einar Ólafsson formaður skíðagönguneftndar, Brynja Þorsteinsdóttir afrekstjóri og Jónas Egilsson framkvæmdastjóri.
Fjarverandi:	Jón Egill Sveinsson varaformaður og Veronika Guseva formaður skíðaskotfimineftndar.

Fundardagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar, nr. 1670

2. Fjármál

- 2.1. Drög að ársreikningi 2024
- 2.2. Aukaúthlutun Afrekssjóðs ÍSÍ og verkefni nefnda 2025
- 2.3. Ráðning nýs þjálfara AGN
- 2.4. Greiðslur vegna móta 2024 og 2025

3. Markaðs-, fjáröflunar- og kynningarmál

4. Vinnureglur

- 4.1. Valreglur alpagreinaneftndar vegna Ólympíuleika 2026
- 4.2. Reglur um notkun bifreiða SKÍ og húsnæðis á vegum sambandsins
- 4.3. Afrekssjóður SKÍ

5. Mótamál & landsliðsmál – fréttir

- 5.1. Frestun og breytt staðsetning móta
- 5.2. HM í skíðagöngu
- 5.3. HM í alpagreinum
- 5.4. HM unglinga í skíðagöngu

6. Fundir, heimsóknir og ráðstefnur

- 6.1. Fundur með ÍSÍ vegna Vetrarólympíuleikanna í næsta mánuði
- 6.2. Heimsókn Dagmara Gerasimuk frá IBU til Íslands fyrstu helgina mars
- 6.3. Skíðahús og aðstöðumál
- 6.4. Íþróttaping, 16.-17. maí Berjaya Natura Hotel (áður Loftleiðir) í Reykjavík – 2 fulltrúar frá SKÍ
- 6.5. Skíðaping 2025 – tíma- og staðsetning
- 6.6. FIS tæknifundur 5.-8. maí í Portugal

7. Önnur mál

Fundargerð

Fundur settur kl. 15:32

1. Fundargerð síðasta fundar, nr. 1670

Fundargerðin samþykkt.

2. Fjármál

- 2.1. Drög að ársreikningi 2024 lögð fram og vísað til afgreiðslu á næsta fundi.
- 2.2. Aukaúthlutun Afrekssjóðs ÍSÍ og verkefni nefnda 2025. Tillaga um úthlutanir til nefnda á grundvelli styrkja frá Afrekssjóði ÍSÍ lögð fram. Tillagan samþykkt. Framkvæmdastjóra og afreksstjóra falið að ræða við nefndarformenn um nánari úthlutun og kostnað við verkefni. Ennfremur lögð fram drög að bréfi með afstöðu stjórnar SKÍ til úthlutunar Afrekssjóðs í febrúar. Samþykkt að kynna ÍSÍ þau sjónarmið sem þar koma fram.
- 2.3. Ráðning nýs þjálfara AGN. Alpagreina nefnd hefur verið að skoða möguleika á ráðningu nýs þjálfara fyrir landsliðið. Fjármögnun liggur ekki fyrir, en möguleg með þátttöku ÍSÍ eins og sambandið hefur verið að kynna og öðrum framlögum. ÍSÍ kynnir sínar úthlutanir til þessara mál í vor.
- 2.4. Greiðslur vegna móta 2024 og 2025. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir bættri innheimtu mótagjalda og greiðslu til mótshaldara. Nánara yfirlit verður kynnt á næsta fundi.

3. Markaðs-, fjáröflunar- og kynningarmál

Lögð fram drög að bréfi til fyrirtæki og einstaklinga ásamt hugmyndum um kynningarmál í samvinnu við FIS og IBU. Samþykkt að halda verkefninu áfram.

4. Vinnureglur

- 4.1. Valreglur alpagreinaneftndar vegna Ólympíuleika 2026. Sigurður kynnti hugmyndir að valreglum fyrir alpagreinalið á næstu Ólympíuleikum.
- 4.2. Reglur um notkun bifreiða SKÍ og húsnæðis á vegum sambandsins. Lögð fram tillaga að samþykkt stjórnar um afnot af bifreiðum SKÍ á vegum landsliðs sambandsins. Samþykkt.
- 4.3. Afrekssjóður SKÍ. Lögð fram tillaga að samþykkt um Afrekssjóð SKÍ. Samþykkt.

5. Mótamál & landsliðsmál – fréttir

- 5.1. Frestun og breytt staðsetning móta. Formenn nefnda fóru yfir frestanir móta vegna veðurs í vetur.
- 5.2. HM í skíðagöngu í Þrándheimi. Valdir hafa verið fimm einstaklingar til keppni og möguleiki á þeim sjötta. Einar Ólafsson verður fararstjóri.
- 5.3. HM í alpagreinum í Saalbach. Sigurður fór yfir árangur okkar fólks á mótinu sem hann sagði heilt yfir vera þann besta sem liðið hefur náð.
- 5.4. HM unglinga í skíðagöngu. Góð frammistaða hjá okkar ungu og efnilegum skíðagöngumönnum.
- 5.5. EYOF í Georgíu. Þrátt fyrir veikindi og ýmislegt í skipulagi sem ekki var nógu gott, stóðu okkar keppendur sig vel og ánægja var með mótið að öðru leyti.

6. Fundir, heimsóknir og ráðstefnur

- 6.1. Fundur með ÍSÍ vegna Vetrarólympíuleikanna í næsta mánuði. Framkvæmdastjóri og afreksstjóri funda með formönnum nefnda til undirbúnings fundar með ÍSÍ í mars. Ákveðið að ræða líka undirbúning og framkvæmd að mótum á vegum ÍSÍ.

- 6.2. Heimsókn Dagmara Gerasimuk frá IBU til Íslands fyrstu helgina mars. Einar fór yfir tildrög og markmið með heimsókn hennar til Íslands, sem er fyrst og fremst að leiðbeina við framkvæmd fyrsta bikarmóts í skíðaskotfimi á Hólmavík 9. mars nk.
- 6.3. Skíðahús og aðstöðumál. Einar gat þess að fundi með borgarstjóra hefði verið frestað í enn eitt skiptið. Samþykkt að taka upp samtal við bæjaryfirvöld í Mosfellsbæ einnig um mögulega lóð fyrir skíðahús.
- 6.4. Íþróttaping, 16.-17. maí Berjaya Natura Hotel (áður Loftleiðir) í Reykjavík. Fulltrúar frá SKÍ verða formaður og framkvæmdastjóri.
- 6.5. Skíðaping 2025. Stefnt að þingi í haust á höfuðborgarsvæðinu í samvinnu við BFH. Nánari upplýsingar verða kynntar síðar.
- 6.6. FIS tæknifundur 5.-8. maí í Portúgal. Formaður og framkvæmdastjóri sækja fundinn.

7. Önnur mál

- 7.1. Formaður gat þess að Örlygur Hnefill Örlygsson væri að skoða sögu og tildrög líklega fyrsta skíðaskóla í sögunni sem var á Húsavík á öndverðri 18. öld, en Niklulás Buch fékk styrk frá konungi til verksins.
- 7.2. Sigurður ítrekaði ósk sína um aðgang að rekstrarkostnaði nefnda. Framkvæmdastjóri sagði að unnið væri að færa bókhaldið nær rauntíma en gert hefði verið áður.
- 7.3. Gísli spurðist fyrir um úrslit móta í Mótakerfinu og sagði þau vanta. Færsla mótaúrslita er á ábyrgð mótshaldara og framkvæmdastjóri ætlar að ýta við málinu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:58.

Fundargerð ritaði Jónas Egilsson.